

Fyrsti fundur skólanefndar þann 7. desember í Reykjahlíðarskóla kl. 17:00

Mættir: Dagbjört Jónsdóttir, S. Narfi Rúnarsson, Pétur Bergmann Árnason, Guðrún María Valgeirsdóttir, Alma Dröfn Benediktsdóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og Ragna Heiðbjört Ingunnardóttir fulltrúi kennara sem ritar þessa fundargerð.

1. Kosning formanns skólanefndar

Sigurbjörn þakkaði skólanefndinni sem lét af störfum fyrr í haust fyrir störf sín og stýrði kosningu formanns skólanefndar. Dagbjört Jónsdóttir var kosinn (samhljóða). Alma Dröfn Benediktsdóttir tók að sér að vera ritari skólanefndar.

2. Nemendafjöldi á haustönn

122 nemendur hófu nám við skólann á haustönn, þar af voru 94 nemendur á heimavist, 2 í framhaldsskóladeildinni á Vopnafirði, 8 voru utan vista og því voru 104 nemendur í dagskóla. 10 nemendur voru utan skóla og 8 nemendur úr grunnskóla stunduðu nám við skólann. Alls voru 8 nemendur á almennri braut, 32 á félagsvísindabraut, 26 á íþróttabraut, 26 á kjörnámsbraut (þ.m.t. allir grunnskólanemendurnir), 21 á náttúruvísindabraut og einn nemandi var bæði á íþrótt- og náttúruvísindabraut. Enginn nemandi hefur hætt á önninni. Talsverður kynjamunur var. Þannig voru 77 stúlkur skráðar í skólann og 45 drengir og á heimavist voru 63 stúlkur og 31 drengur.

3. Starfsmannamál á haustönn

Auk Gunnhildar Hinriksdóttur sem ráðin var til starfa í vor voru í sumar Huld Aðalbjarnardóttir og Sigurlaug L. Svavarsdóttir, ráðnar saman í rúmlega hálfstöðugildi. Freydís Anna, Ásta og Arnór kennarar við skólann bættu öll við hlutastörf sín og vegna fjölgunar nemenda var starfshlutfall Eyglóar náms- og starfsráðgjafa einnig aukið. Þannig tókst að manna allar stöður og halda vel utan um nemendahópinn. Dagný Sigríður Sigurjónsdóttir var ráðin í hálfst starf í eldhúsi. Þá var Ólafur Hjörtur Sigurjónsson fenginn til að vera skólameistara innan handar með ýmis verkefni til að létta undir með honum í veikindum hans.

4. Skólastarfið á haustönn

Sigurbjörn fór yfir skólastarfið á haustönn sem hefur gengið býsna vel það sem af er önninni. Covid-reglurnar voru rýmkaðar þannig að auðveldara var að halda úti tiltölulega venjulegu skólastarfi. Allir, bæði nemendur og starfsfólk eru auk þess vanir að sinna sínum persónulegu sóttvörnum og að nota grímur þegar ekki er hægt að viðhalda tilskyldu bili á milli manna. Engu að síður komust nemendur ekki í sína hefðbundnu haustferð í Brunnavíkunni og er það annað árið í röð sem það gerist.

Grunnskólamótið var haldið lok september og komu í Laugar nemendur úr 7.-10.bekk úr níu dreifbýlisgrunnskólum frá Vopnafirði til Þelamerkur. Mótið heppnaðist vel og var nýtt til kynningar á skólanum.

Í október fóru Hnikarr og Bjarney með 28 útskriftarefni til Portúgal í níu daga ferð sem spannaði tvær helgar og haustfríið. Það var uppbrot með gestafyrirlesurum fyrir aðra nemendur á meðan þá þrjá daga sem kennt var. Þegar nemendur komu heim greindust fjórir þeirra með Covid á landamærunum. Þeir fóru í einangrun og allir hinir í hópnum í sóttkví og tókst þannig að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu og veiran dreifðist ekki í skólanum. Vill skólameistari koma þakklæti sínu til eldhússtarfsfólks og Hlyns húsbónda sem sáu um að þjónusta nemendur í sóttkví.

Í haust tók um 15 nemendahópur þátt í uppfærslu Píramusar og Þispu (leikfélag Framhaldsskólans á Húsavík) á Mömmu míu og voru mörg hver í burðarhlutverkum bæði í leik og tónlistarundirspili og voru Laugaskóla til mikils sóma.

Í nóvember héldum við skólaping þar sem nemendum var skipt í 10 hópa, þar sem meðal annars var rætt um einkunnarorð skólans sem og ákveðnar áherslur í skólanámskrá. Kennarar stýrðu hópunum og voru nemendur mjög virkir og mikið af gagnlegum upplýsingum kom fram sem verða svo að einhverju leyti notaðar til breytinga í skólastarfinu. Í lok nóvember hélt nemendafélagið árhátíð skólans en ekki var hægt að halda hana síðastliðið skólaár. Þetta var heilt yfir besta árhátíðin sem haldin hefur verið í tíð þessa skólameistara.

Skólinn hefur lagt mikla áherslu á fræðslu í haust og hefur fengið sex utanaðkomandi fyrirlesara til að fræða bæði nemendur og starfsfólk enda mikið umrót í þjóðfélaginu og ekki alltaf auðvelt að fóta sig.

Skólabragurinn hefur verið góður þessa önnina. Mæting nemenda hefur verið með afbrigðum góð og var raunmætingin yfir 90% fyrstu tvö mætingatímabilin. Námsárangurinn hefur haldist í hendur við mætinguna og mjög margir nemendur stefna í góðar einkunnir

5. Umsóknir fyrir vorönn 2022

Nemendum mun fækka eitthvað á milli anna. Af þessum 104 nemendum í staðnámi hafa 5 lokið námi sínu og 9 ætla að færa sig um set sem er óvenju mikill fjöldi. Síðan hafa 5 útskriftarefni sótt um að fara í nám utan skóla en eftir á að athuga hversu mikið þeir eiga eftir og þar með hvort hægt sé að verða við því.

11 nemendur sem ekki voru í skólanum í haust hafa sótt um skólavist á næstu önn. Einn nemandi á þriðja ári, 2 á annað ár, 4 á fyrsta ár, 2 á almenna braut og 2 um nám utan skóla. Öllum nema þeim sem sóttu um nám utan skóla hefur verið boðin skólavist og þeir hafa þegið hana.

6. Starfsmannamál á vorönn 2022

Starfsmannamál rædd. Auk þess var rætt um að skólinn væri á eftir í ýmsum innleiðingarmálum og þar sem sífellt bætist á verkefnalistann væri gott að ráða skrifstofustjóra í hlutastarf til að klára þessi verkefni.

7. Fjármál

Nýbúið er að mæla fyrir fjárlögum 2022 og unnið er að fjárhagáætlun næsta árs sem og útgönguspá fyrir árið 2021. Fyrstu tölur benda til þess að skólinn verið rekinn réttum megin við núllið árið 2021 og væntingar til þess að fá nægar fjárveitingar til skólareksturs, ársins 2022.

8. Sumarhótel

Baldur Örn Guðnason hefur selt Hótel Lauga ehf. til aðila sem taka yfir samning Hótel Lauga ehf. við Framhaldsskólann á Laugum.

9. Tröllasteinn ehf.

Skólameistari hyggst ásamt stjórnarformanni Tröllasteins ehf. endurvekja viðræður við Menntamálaráðuneytið um að ríkið kaupi heimavistina Tröllastein og þar með sé allt húsnæði sem skólinn notar í eigu ríkisins og á forræði skólans.

10. Framkvæmdir

Búið er að setja upp nýtt loftræstikerfi í íþróttahúsinu og verið er að innrétta verkgreinaaðstöðu í kjallaranum í Eldsteini. Dvergasteinn var málaður að utan í sumar og það stendur til að flísaleggja forstofu í Þróttó, laga norðurgafli Gamla skóla sem og þakið yfir eystri forstofunni. Framkvæmdir í Dvergasteini eru á döfinni þar sem á að taka báðar hæðir hans undir kennslu- og nemendarými.

11. Fundir skólanefndar

Fundir hafa verið 3 – 4 sinnum á ári. Skólanefnd ákvað að næsti fundur sé ákveðinn í lok hvers fundar, fer eftir þörf hverju sinni. Næsti fundur er áætlaður 22. febrúar kl. 16.30.

12. Önnur mál

Engin bókun undir liðnum „önnur mál“

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 19.00